

**Fundargerð háskólaráðs**  
**369. fundur fimmtudaginn 18. febrúar 2016**  
**Fundarherbergi Borgum 262**

Rektor Eyjólfur Guðmundsson setti fund kl. 13:32.

Mættir voru auk hans:

Berglind Ósk Guðmundsdóttir, fulltrúi nemenda  
Finnbogi Jónsson fulltrúi háskólaráðs  
Hermína Gunnþórsdóttir fulltrúi háskólasamfélagsins  
Jens Garðar Helgason, fulltrúi menntamálaráðherra  
Óskar Þór Vilhjálmsson, fulltrúi háskólasamfélagsins  
Svanfríður Inga Jónasdóttir fulltrúi háskólaráðs

Aðrir mættir:

Martha Lilja M. Olsen, verkefnastjóri á skrifstofu rektors  
Ólafur Halldórsson framkvæmdastjóri  
Úlfar Hauksson forstöðumaður

Gestir:

Finnur Friðriksson, dósent kennaradeild  
Sigrún Stefánsdóttir, forseti hug- og félagsvísindasviðs  
Árún Kr. Sigurðardóttir, forseti heilbrigðisvísindasviðs

---

Rektor kynnti dagskrá.

**1. Fundargerð 368. fundar til samþykktar**

*1601041*

Fundargerð 368. fundar var lögð fram til samþykktar. Fundargerð samþykkt og undirrituð án athugasemda.

**2. Mál til kynningar**

- **Staðan í stefnumótunarmálum:** fundur með starfsfólki s.l. mánudag, 15. feb. Capacent ráðgjafi hefur fundað með ýmsum aðilum; ytri aðilum, nemendafulltrúum, háskólafundi, háskólaráði og yfirstjórn. Ráðgjafi vinnur að lokaskýrslu í formi aðgerðaráætlunar. Gert ráð fyrir að senda aðgerðaráætlun á svið og deildir til meðferðar.

- **Launakjör rektora.** Falla undir kjararáð. Í nóvember var úrskurðað um kjaramál skólameistara, þar sem menntamálaráðuneyti studdi tillöguna í formi álits, vegna mikilla launahækkana í grunnskólum væri óumflýjanlegt að hækka laun skólameistara. Háskólarektorar eru því nú með lægri laun en skólameistarar. Hins vegar er enginn vettvangur rektora, sambærilegur og félag skólameistara. Rektor HÍ er að skoða málið í samráði við lögfræðinga og verður málið tekið upp á vettvangi samstarfsnefndar opinberu háskólanna.
- **Athugasemdir HA vegna breytinga á lögum um LÍN**  
Lagt fram minnisblað HA til verkefnahóps um endurskoðun á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna. Háskólaráð gerir ekki athugasemdir við efni minnisblaðsins og samþykkir að það verði sent verkefnahópi um endurskoðun á lögum um LÍN.
- **Breytingar á reglum um dómnefnd og ráðningar akademískra starfsmanna**  
Lögð fram til kynningar fyrstu drög að nýjum reglum HA um dómnefnd og ráðningar akademískra starfsmanna.
- **Skipun jafnréttisráðs**  
Lagðar fram til kynningar tilnefningar sviða og háskólaskrifstofu/skrifstofu rektors á fulltrúum í jafnréttisráð HA til næstu tveggja ára. Háskólaráð gerir ekki athugasemd við tilnefningarnar og eru þær samþykktar.

### 3. Rekstur

Úlfar Hauksson kynnti rekstrarniðurstöðu ársins 2015. Skólinn fékk aukafjárveitingu rétt fyrir áramót, til tækja- og búnaðarkaupa. Ekki tókst með svo skömmum fyrirvara að ráðstafa öllum fjármununum (15 af 30 milljónum var ráðstafað fyrir áramót) og þess vegna er rekstrarafgangur ársins 2015, um 12 milljónir, sem þýðir að rekstraráætlun 2015 stóðst. Kjarasamningar fengust að mestu leyti bættir.

Rekstraráætlun 2016 hefur verið samþykkt í menntamálaráðuneytinu án athugasemda. Taka verður þó mið af því að inni í rekstraráætlun er einskiptisfjárveiting upp á 40 milljónir. Fyrir næsta fjárlagaramma vantar því að þessar 40 milljónir verði varanlegar og áður hefur verið rætt um það sem vantar upp á til að skólinn komist út úr kreppufjárlagaramma til að geta komist í uppbyggingu og gert eitthvað meira en að halda í horfinu. Talið er að vanti upp á u.þ.b. 140 milljónir svo skólinn geti komist út úr þessum kreppuramma. Það er því mikilvægt að funda með menntamálaráðuneyti til að fá úr því skorið hvort skólanum sé ætlað að starfa áfram inni í þessum kreppuramma eða hvort menntamálaráðuneytið ætli skólanum að geta haldið áfram að byggja upp og þróast áfram.

#### **4. Jafnréttisáætlun 2014-2018 og kostnaðargreining jafnréttisáætlunar**

*1505018*

Ingibjörg Sigurðardóttir formaður jafnréttisráðs HA og Úlfar Hauksson forstöðumaður fjármála sátu þennan lið fundarins. Rektor opnaði fyrir umræður um stefnuna og kostnaðargreiningu og aðgerðaráætlun. Farið var yfir skjalið og Ingibjörg gerði grein fyrir forgangsröðun áætlunarinnar.

Háskólaráð samþykkir jafnréttisáætlun 2014-2018.

Rektor er falið að koma til framkvæmda þeim liðum aðgerðaráætlunar sem eru án kostnaðar á árinu 2016 í samvinnu við formann jafnréttisráðs forstöðumann fjármála, gæðastjóra, framkvæmdastjóra og sviðsforseta og vinna með forstöðumanni fjármála í að samþætta aðgerðaráætlunina inn í fjárhagsáætlun 2017, að því tilskildu að liður 7.1 verði tekinn út úr áætluninni þar sem þar er um að ræða atriði sem þarf að takast á við á samfélagslegum grunni og þarf að vinna með fagfélögum, ráðuneyti og öðrum háskólum.

#### **5. Kennslualmanak 2016-2017**

Háskólaráð gerir ekki athugasemdir við drög að kennslualmanaki 2016-2017 og samþykkir framlagt kennslualmanak.

#### **6. Year on Review skýrsla**

Áfangaskýrsla lögð fram til kynningar. Verður sent gæðaráði háskólanna, án mikilla breytinga, á aðeins eftir að fara í yfirlestur. Rektor hvetur fulltrúa háskólaráðs til að kynna sér skýrsluna vel.

#### **7. Rannsóknamisseri**

*1512015*

Háskólaráð samþykkir að umsækjendum um rannsóknamisseri skólaárið 2016-2017 verði veitt rannsóknamisseri í samræmi við tillögu rannsóknamisserisnefndar.

Rektor lagði fram tillögu um að veita fastráðnum akademískum starfsmönnum, sem gegna a.m.k. 50% stöðu við skólann, sem eru í doktorsnámi eða hafa nýlokið doktorsnámi, allt að tvö rannsóknamisseri á árinu 2017. Reglurnar væru þá þær að um væri að ræða einn starfsmann á hverju sviði, sem sviðsforseti mælir með. Tilgangurinn er að stuðla að fjölgun starfsmanna með doktorsgráðu. Aðgerðin verði gerð með heimild í 4. gr. reglna um rannsóknamisseri. Háskólaráð samþykkir þetta.

## **8. Breyting á skipulagi lagadeildar**

*1510008*

Sigrún Stefánsdóttir forseti hug- og félagsvísindasviðs kom inn á fundinn undir þessum lið. Hún kynnti tillögu, sem var samþykkt (28 sögðu já, 8 voru auðir, enginn synjaði) á sviðsfundi hug- og félagsvísindasviðs, að því er varðar sameiningu félagsvísindadeildar og lagadeildar og ný deild heiti þá félagsvísinda- og lagadeild.

Háskólaráð samþykkir tillögu að breytingu lagadeildar og sameiningu við félagsvísindadeild. Forseta hug- og félagsvísindasviðs er falið að halda áfram þessari vinnu með það að markmiði að breyting taki gildi frá og með næsta skólaári.

## **9. Endurskipulag á uppbyggingu náms í kennaradeild**

*1601053*

Rektor lagði fram áætlun frá fjármálastjóra um kostnað vegna íþróttakjörsviðs.

Háskólaráð samþykkir samhljóða nýtt skipulag á uppbyggingu náms í kennaradeild, með nýju íþróttakjörsviði. Skipulagið hefur þegar verið samþykkt í gæðaráði háskólans.

## **10. Önnur mál**

- **Námsskrá í hjúkrunarfræði**

Forseti heilbrigðisvísindasviðs kom inn á fundinn undir þessum lið og kynnti breytingu á námsskrá í hjúkrunarfræði og tilurð og ástæður þessara breytinga. Háskóli Íslands hefur breytt námsskrá sinni í hjúkrunarfræði, þannig að síðasta misseri fjórða árs verði í rauninni á meistarastigi, þannig að nemendur fái fjórða misseri metið inn í meistaranám og telur forseti heilbrigðisvísindasviðs að hjúkrunarfræði við HA verði að vera í samræmi við HÍ. Forseti heilbrigðisvísindasviðs telur að þrátt fyrir að verið sé að bregðast við einhliða breytingum í HÍ þar sem ekkert samráð var haft við HA þá sé þetta góð breyting fyrir nemendur og að námið verði betra með þessari breytingu. Breytingin hefur verið samþykkt í gæðaráði þannig að allar gæðakröfur og Bologna-ferli er uppfyllt, sbr. bréf gæðastjóra þar að lútandi.

Háskólaráð samþykkir tillögur að breyttri námsskrá í hjúkrunarfræði.

- **Mannauðsstefna HA**

Hermína vakti athygli á því að mannauðsstefna HA rann út árið 2014 og að enginn starfsmaður sinnir mannauðsmálum sérstaklega. Er forsenda fyrir því að fara að huga að ráðningu mannauðsstjóra? Rektor benti á að í stefnumótunarvinnu hafi komið fram ákall um þetta og líklegt að þetta komi fram í aðgerðaráætlun sem út úr stefnumótun komi og þá sé mögulegt að horfa á endurskipulagningu á störfum og mögulega ráða einstakling sem komi að þessum málum. Umræður sköpuðust um málið og voru fulltrúar háskólaráðs sammála um að mikilvægt væri að fá mannauðsstjóra til starfa við skólann og að þetta yrði sett í forgang. Rektor falið að vinna að málinu í samræmi við komandi aðgerðaráætlun vegna stefnumótunar og leggja fram tillögu á fundum í apríl og maí.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:52.